



12. október 2006 | Morgunblaðið

Vatnsréttindi, fótbolti og kræklingarækt í sigtinu

Athafnamaður Hilmar er lögmaður og fasteignasali og einbeitir sér meðal annars að fótbolta. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir.

Hilmar Gunnlaugsson, lögmaður og fasteignasali, hrærist í ólgusjó austfirskrar uppsveiflu. **Steinunn Ásmundsdóttir** dró útlínur hins unga athafnamanns.

Hilmar Gunnlaugsson er meðeigandi Lögmannsstofunnar Regula og eigandi Fasteigna- og skipasölu Austurlands. Hann vinnur dags daglega sem lögmaður og fasteignasali og hefur af því ærinn starfa í þeirri uppbyggingu sem nú á sér stað á Austurlandi.

Hilmar er fæddur árið 1969 í Reykjavík, varð stúdent frá Menntaskólanum á Egilsstöðum þangað sem hann fluttist á unglingsárum og útskrifaðist frá lagadeild Háskóla Íslands 1996. Hann varð lögmaður 1999 og löggiltur fasteignasali sama ár, tók verðbréfamiðlunarnám vorið 2000 og er nú í fjarnámi við The College of Law of England and Wales, með það að markmiði að mega kalla sig IBA Fellow in International Legal Practice.

"Það er gaman að læra og hollt, en maður þarf alltaf að taka sér hlé á milli," segir Hilmar, sem hefur einnig mikinn áhuga á umhverfis- og orkurétti og langar að skoða þá hluti nánar í framtíðinni. "Þetta hefur verið mjög áberandi hér í umræðu síðustu ára og ég hef í starfi mínu verið að skoða hluti sem tengjast þessum málum."

Hilmar segist skiptur í starfi, hann hafi alla tíð upplifað sig sem lögmann en eftir að umhverfið breyttist á Austurlandi hafi æ meiri tími farið í fasteignaviðskiptin.

"Undanfarið hefur ríkt heilbrigt ástand í fasteignasölu á Austurlandi og mjög gaman að sinna því. Ég er alltaf að hitta nýtt og áhugavert fólk og fasteignaverð hefur rokið upp og gert markaðinn líflegri."

Formleg starfsstöð Hilmars er á Reyðarfirði, en hann er á þönum um allan fjórðung, norður í land og í höfuðborginni til að sinna störfum sínum.

Allt frá tölvum til kræklinga

Hilmar hefur komið töluvert nálægt fyrirtækjarekstri. Ýmist á hann hluti í fyrirtækjum, hefur stofnað þau eða situr í stjórnun þeirra. Sem dæmi um fyrirtæki sem Hilmar stofnaði með félögum sínum árið 1998 er Tölvusmiðjan, en Nýherji keypti það á dögunum eftir áralangt samstarf þeirra á milli. Þá má nefna að Hilmar kemur að Gróðrarstöðinni Barri, tölvuskóla, Fasteigna- og skipasölu Austurlands, Regula og merkilegt nokk; kræklingarækt í Hamarsfirði og Mjóafirði. "Ég heillaðist af tveimur frumherjum sem komu til mín fyrir nokkrum árum. Þeir höfðu þá unnið að kræklingarækt í mörg ár og voru að stofna fyrirtæki utan um hana. Ég og félagar mínir ákváðum að taka þátt þó óverulegur væri, til að hjálpa þeim að byggja fyrirtækið upp. Þetta hefur gengið mjög rólega fyrir sig en engu að síður er mjög skemmtilegt að taka þátt í svona starfi."

Þegar minnst er á áhugamál kemur fótboltinn sterkur inn. Á meðan Hilmar var í námi starfaði hann á sumrum sem framkvæmdastjóri hjá knattspyrnudeild Hattar. Síðar varð hann formaður félagsins og knattspyrnudeildarinnar um tíma. Fyrir einu og hálfu ári stofnaði hann ásamt fleirum einkahlutafélag utan um efstu flokka knattspyrnunnar. "Ég hef verið formaður þar frá byrjun og þetta hefur gefið ágætis árangur. Meistaraflokkur karla vann þriðju deild og er í annað skipti í sögunni búinn að koma sér upp um deild og stelpurnar komust í úrslit í fyrra og voru nálægt því núna. Svo höfum við verið með 2. flokk sem er sérstakt áhugamál hjá mér, fyrir stráka á aldrinum 17-19 ára. Það er dýrmætt fyrir samfélagið að hafa verkefni fyrir stráka á því reki og þeir hafa verið að ná mjög góðum árangri."

Kona Hilmars til 18 ára er Stefanía Jóhanna Valdimarsdóttir, íslenskufræðingur og kennari, og búa þau á Egilsstöðum. Börn þeirra eru þrjú, á aldrinum 13, 10 og 4 ára. "Það er sérstaklega gott að ala hér upp börn og gott að vera hér. Nú er maður að upplifa að börnin eru að komast á táningsaldur og sjálfsagt verður það ærin vinna að komast í gegnum það tímabil og mikilvægt að gefa sér góðan tíma til að sinna fjölskyldunni."